

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra**  
**vegna Hallstúns, frístundabyggðar F27.**

Skipulagsstofnun staðfesti 6. mars 2025 óverulega breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028, sem samþykkt var í sveitarstjórn 12. febrúar 2025.

Breytingin felst í að núverandi frístundabyggð F27 í Hallstúni minnkar um 2,5 hektara og breytist í landbúnaðarland.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 6. mars 2025.*

F.h. forstjóra,

**Guðrún Lára Sveinsdóttir.**

B-deild – Útgáfudagur: 20. mars 2025